

Innheimtumiðstöð réttihafa, IHM

Gagnsæisskýrsla vegna 2023

Lögð fram á aðalfundi fulltrúaráðs IHM 4. júní 2024

Upplýsingar um fjárhag félagsins, reikningsskil og efnahagsreikning félagsins er að finna í ársreikningi IHM 2023, sem er í viðauka við skýrslu þessa. Er einkum vísað til ársreikningsins um þau málefni. Þar sem efni ársreikningsins sleppir, eru neðangreindar útskýringar til frekari fyllingar, að teknu tilliti til áskilnaðar laga nr. 88/2019. Sameiginlega mynda skýrsla þessi og ársreikningur félagsins gagnsæisskýrslu sem ætlað er að uppfylla áskilnað laga nr. 88/2019.

1. **Upplýsingar sem eiga að koma fram í árlegri gagnsæisskýrslu sem um getur í 23. gr. laga nr. 88/2019**

Samkvæmt ákvæði 1. liðar viðauka við lög nr. 88/2019 skulu nánar tilgreindar upplýsingar koma fram í árlegri gagnsæisskýrslu sem um getur í 23. gr. laganna. Að því leyti sem þær upplýsingar fást ekki ráðnar af ársreikningi félagsins er neðangreindum liðum þessa kafla ætlað að upplýsa um þau atriði sem greinir í liðum a.- h. 1. liðar viðauka laganna. Umfjöllun í eftirtöldum liðum samsvarar sömu bóklíðum í 1. tl. viðauka laganna.

a. **Reikningsskil sem innihalda efnahagsreikning eða yfirlit yfir eignir og skuldir, rekstrarreikningur fyrir fjárhagsárið 2023 og yfirlit um sjóðstreymi**

Þær upplýsingar sem nefndar eru í lið 1.a. er að finna í ársreikningi félagsins fyrir árið 2023.

b. **Skýrsla um aðgerðir á árinu 2023**

Síðasti aðalfundur IHM var haldinn þann 28. júní 2023.

Alls voru 6 stjórnarfundir haldnir á starfsárinu.

Á árinu móttök IHM kr. 243.700.000 frá ríkinu vegna eintakagerðar til einkanota. Er um að ræða 0,13% lækkun frá fyrra ári.

IHM telur reyndar að upphæðin hafi átt að vera um 13,5 milljónum hærrí og því hefði heildargreiðslan átt að vera um 257 milljónir. IHM hefur ákveðið að ráða lögmann til að gæta hagsmuna félagasamtakanna vegna kröfunnar gagnvart íslenska ríkinu.

Tekjur félagsins vegna endurvarps skv. 23. gr. a. höfundalaga og ólínulegrar notkunar sjónvarpsefnis voru kr. 119.900.000 á árinu sem er lækkun um 6,26% frá fyrra ári. Greiðendur vegna þessa liðar eru Síminn hf., SYN hf. og Nova hf.

Á árinu var unnið að því að ná nýju samkomulagi við fjarskiptafyrirtækin í samstarfi við UBOI en sú vinna kláraðist ekki. Ágætlega gekk í viðræðunum en utanaðkomandi aðstæður höfðu áhrif á viðræðurnar.

Á árinu var jafnframt unnið að samkomulagi við UBOI um skiptingu innkomu vegna endurvarps. Þær viðræður gengu erfiðlega og enduðu þær með því að UBOI sagði upp samningi sínum við IHM. Uppsögnin var þó ekki í samræmi við samning aðila og því var henni mótmælt af hálfu IHM.

Á árinu var jafnframt unnið að því að ná sátt innan IHM um skiptingu tekna vegna endurvarpsins. Ekki náðist samkomulag vegna þessa. Í september 2023 ákvað stjórn IHM að skipa Ásgerði Ragnarsdóttur sem sáttasemjara skv. gr. 7.1. í samþykktum IHM.

Á árinu voru viðræður við RÚV um notkun eldra efnis í sjónvarpi á grundvelli 23. gr. b. höfundalaga. Oft er þetta eldra efni nefnt Gullkistan. Er þar um að ræða notkun á eigin framleiðslu RÚV fyrir þann 16. febrúar 2016. Samkomulag við hlutaðeigandi lá ekki fyrir við lok árs, en vinna að slíkum samningum heldur áfram.

Þá var jafnframt rætt um skiptingu mögulegra tekna sem myndu falla IHM í skaut vegna mögulegrar notkunar á eldri eigin framleiðslu RÚV. Ekki er komin niðurstaða í þær viðræður.

Unnið var að breytingum samþykka á árinu og náðist samkomulag um þær. Voru þær breytingar teknar fyrir og samþykktar á aðalfundi fulltrúaráðs IHM 2023. Breytingarnar náðu þó ekki til stjórnskipan IHM og þá sérstaklega til fjölda stjórnarmanna og fjölda fulltrúaráðsmanna. Áfram verður unnið að breytingum á samþykktum IHM.

IHM er í alþjóðlegur samstarfi. IHM er með gagnkvæma samninga við systursamtök sín á Norðurlöndum, en um er að ræða Copydan í Danmörku, Copyswede í Svíþjóð og Norwaco í Noregi. Þá halda þessi samtök reglulega fundi þar sem framkvæmdastjórar félagasamtakanna hittast og ræða það sem er efst á baugi. Á árinu 2023 voru haldnir tveir slíkir fundir, í Stokkhólmi og Helsinki.

Að öðru leyti vísast til skýrslu stjórnar IHM sem lögð er frá á aðalfundi fulltrúaráðs IHM þann 4. janúar 2024.

Framkvæmdastjóri IHM er Björgvin Halldór Björnsson en hann starfar í 50% starfi hjá félagasamtökunum.

c. Upplýsingar um synjun leyfisveitingar á grundvelli 5. mgr. 26. gr. höfundalaga

Engar synjanir um leyfisveitingar á grundvelli 5. mgr. 26. gr. höfundalaga fóru fram á vegum IHM á árinu 2023.

d. Lýsing á rekstrarformi félagsins að lögum og stjórnunarháttum

IHM er félagasamtök, en aðildar njóta þeir aðilar sem uppfylla skilyrði samþykka IHM. Skilyrði eru tíunduð þar, auk lýsingar á stjórnunarháttum félagsins. Vísast til efnis samþykktanna, eins og þær eru hverju sinni, en þær eru aðgengilegar hér: http://ihm.is/Um_IHM/Samthykkir/

e. Upplýsingar um einingar sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar, að fullu eða að hluta

Engar einingar eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum félagsins.

f. Upplýsingar um heildarfjárhæð þóknunar sem um getur í ákvæði 1.f. í viðauka laga nr. 88/2019

Sú þóknun sem greidd er einstaklingum sem annast daglegan rekstur IHM, sem og stjórnarmeðlimum sem annast eftirlit, er tilgreind í ársreikningi félagsins, undir lið 5 í skýringum: „Laun á skrifstofu“ og „Laun stjórnar“.

g. Fjárhagsupplýsingar sem um getur í 2. lið viðauka laganna

Um þær upplýsingar vísast til umfjöllunar hér fyrir neðan.

h. Notkun fjárhæða sem koma til frádráttar vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu

Engum fjárhæðum er úthlutað eða koma til frádráttar vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu.

2. Fjárhagsupplýsingar sem eiga að koma fram í árlegri gagnsæisskýrslu, sbr. 2. liður

Samkvæmt ákvæði 2. liðar viðauka við lög nr. 88/2019 skulu nánar tilgreindar upplýsingar koma fram í árlegri gagnsæisskýrslu. Að því leyti sem þær upplýsingar fást ekki ráðnar af ársreikningi félagsins er neðangreindum liðum þessa kafla ætla að upplýsa um þau atriði sem greinir í liðum a.-d. 2. liðar viðauka laganna. Umfjöllun í eftirtöldum liðum samsvarar sömu bókliðum í 2. tl. viðauka laganna.

a. Upplýsingar um tekjur af réttindum fyrir hvern réttindaflokk sem umsjón er höfð með og hverja tegund notkunar

Í ársreikningi félagsins koma fram allar upplýsingar um þær tekjur sem félagið hefur af réttindum og/eða notkun réttinda.

b. Upplýsingar um kostnað við umsýslu réttinda og aðra þjónustu sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir réttihöfum

Rekstrarkostnaður félagsins skiptist til milli annars vegar rétthafa sem eiga réttindi á grundvelli 11. gr. höfundalaga (70%) og hins vegar rétthafa sem eiga réttindi tengd endurvarpi sjónvarpsrása (30%) skv. 23. gr. a höfundalaga, sem og tengd réttindi. Kostnaður sem fellur til sérstaklega vegna réttindagæslu annars rétthafahópsins er sérstaklega tilgreindur og dreginn frá réttindagreiðslum til þess rétthafahóps. Á árinu 2023 nam sérstakur kostnaður sem dreginn var af réttihöfum vegna innheimtu og sérfræðiþjónustu vegna endurvarpsréttinda alls 0 kr. Þá nam annar beinn kostnaður vegna þeirra réttinda alls kr. 363.518, en sá kostnaður er til kominn vegna aðkeyptrar vinnu við skýrslugerð og útreikninga.

Sundurliðun slíkra fjárhæða að öðru leyti, sem og tilgreiningu á kostnaðarliðum sem hafa verið greiddir með þeim fjármunum á árinu 2023, er að finna í ársreikningi félagsins.

c. Upplýsingar um réttindagreiðslur til rétthafa með ítarlegri lýsingu

Úthlutunum og greiðslum til rétthafa á árinu 2023 er lýst með ítarlegum hætti í ársreikningi félagsins. Vísast til hans um aðrar upplýsingar en fram koma hér.

Greiðslur til rétthafa fara almennt fram árlega, nema annað sé ákveðið á fulltrúaráðsfundum.

Greiðslur til svokallaðra „annarra aðildarféлага“ IHM, sem fara fram vegna réttinda á endurvarpi sjónvarpsútsendinga, sbr. bls. 8 í ársreikningi, hafa átt sér stað að hluta til. Vonir standa til að klára úthlutun til allra rétthafa í þessum hópi á árinu. Um er að ræða 20% hlutdeild í hreinum tekjum af endurvarpstekjum, en eftirtalin aðildarfélag deila með sér þeim hlut:

SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), Rithöfundasamband Íslands, Bláamannafélag Íslands, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Félag leikstjóra á Íslandi, Hagþenkir (Félag höfunda fræðirita og kennslugagna), Myndstef og Félag leikskálda og handritshöfunda.

Í lok árs 2023 nam ógreidd hlutdeild samtaka rétthafa í hreinum tekjum til ársloka 2023 til ofangreindra og erlendra aðila, vegna endurvarps sjónvarpsútsendinga, alls kr. 164.730.260.

Ástæða þess að fénu hefur ekki verið ráðstafað er sú að ágreiningur er milli rétthafa um hlutdeild hvers og eins.

Í lok árs 2023 nam óráðstafað fé alls kr. 94.655.701. Þar af kr. 52.046.142 vegna eintakagerðar, sem kemur til úthlutunar á árinu 2024 í samræmi við gerðardóm og kr. 42.609.559 vegna reiknaðrar hlutdeildar kapálgeira í vaxtatekjum. Sjá nánar í skýringu ársreiknings nr. 2.

Engar fjárhæðir vegna tekna á grundvelli 11. gr. höfundalaga eru óráðstafanlegar, enda var leyst úr ágreiningi með gerðardómi í maí 2022.

d. Upplýsingar um tengsl við aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir

Félagið er með gagnkvæma samninga við systurfélög sín á norðulöndum. Þau eru Copydan, Copyswede og Norwaco.